

## Krókahraun 2 – bílskúr

Másnr. 1606481  
24.8.2016

### Minnispunktur - Guðrún

Sótt er um endurnýjun bílskúrsréttar frá 1973 og leyfi fyrir byggingu bílskúrs með möguleika á tvöföldun bílskúrsins síðar. Óskað er eftir að byggingarreitur fyrri bílskúr nái að lóðarmörkum vestan húss. Miðað er við breytta staðsetningu byggingarreits nú (fjær götu) og breytta aðkomu.

### Gildandi deiliskipulag

Ekki er gert ráð fyrir bílskúr á lóðinni í gildandi deiliskipulagi. Endurnýjun bílskúrsréttar kallar á skilgreiningu byggingarreits á deiliskipulagi.

### Stærð og staðsetning byggingarreits

Miðað við framkomna afstöðuskissu um fyrirhugaða staðsetningu bílskúrs með möguleika á tvöföldun bílskúrs á síðari stigum er nálægð við íbúðarhúsið of mikil, þrengsl myndast við suðurhorn bílskúrsins, fallist er á að lágmarki eins meters fjarlægð frá húsi. Æskilegt er að byggingarreitur verði eins nálægt götu og hægt er, miðað er við 6.5 metra frá lóðarmörkum. Einnig er æskilegt að miðað verði við lágmarksstærð á bílskúr vegna þrengsla á lóð.

Á vesturgafli íbúðarhúss á lóðinni er borðstofugluggi á báðum hæðum hússins. Bent er á að bygging bílskúrs á þeim stað sem óskað er eftir skerðir gæði útsýnis frá borðstofum.

Vegna nálægðar fyrirhugaðs bílskúrs við íbúðarhús er nauðsynlegt að tekið verði tillit til brunavarna. Staðsetning kallar á að útveggur bílskúrs sem snýr að íbúðarhúsi verði brunaveggur og að gengið verði frá þaki bílskúrs með brunapól í huga.